

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Nikulás Guðmundsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfir-dómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 50/1895:

Rjettvísinn
gegn
Jóni Einarssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Rangár-vallasýslu 6. dag maímán. þ. á., var hinn ákærði Jón Einarsson, bóndi á Steinum, dæmdur eptir 230. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og fyrir hönd rjettvísinnar verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Þar sem hinn ákærði hefur í hjeraði verið dæmdur eptir 254. gr. almennra hegningarlaga, skal það tekið fram, að hann að eins hefur verið ákærður fyrir þjófnað, en ekki fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaganna, og verður hann því ekki dæmdur fyrir að hafa brotið gegn nefndri lagagrein.

Það er með eigin játningu hins ákærða Jóns Einarssonar, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, sannað, að hann í janúarmánuði þ. á., er hann var á ferð á Eyrarbakka, tók í þjófsskyni frá Jóni nokkrum Þórarinssyni blikkbrúsa með $1/2$ potti af spiritus og 1 rjólbita; blikkbrúsanum með því, sem í honum var, skilaði hann þegar í stað aptur eigandanum, er hann dróttaði að ákærða, að hann hefði tekið hann; en rjólbitanum skilaði hann honum ekki fyr en nokkru eptir að þeir voru komnir heim til sín. Að vísu hefur hinn ákærði í varnarskjali sínu fyrir hjeraðsdómi, sem hann hefur látið rita fyrir sig og í sínu nafni, viljað taka játningu sína um, að hafa tekið ofangreinda muni í þjófsskyni, aptur, en til þess verður ekkert tillit haft, sjá N. L. 1—15—1, og það því síður, sem ákærði hvorki er læs nje skrifandi, og því má ætla, að honum hafi ekki einu sinni verið kunnugt um, hvað í varnarskjalinu var skráð, því hann er talinn mjög vankunnandi og skilningssljófur, og er það vottað af sóknarpresti hans. Þetta afbrot ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur saka-manna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn

glæp, ber að heimfæra undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga. Svo ber honum og að greiða allan af málinu í hjeradi og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Læknisvottorð það um heilbrigðisástand ákærða, sem komið hefur fram í málinu, er eptir innihaldi sínu þýðingarlaust fyrir úrslit þess.

Hjersaðsdómaranum hefur gleymzt að votta um rekstur málsins í hjeradi, sem þó átti að vera; að öðru leyti hefur málið verið löglega rekið í hjeradi. Flutningur málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Jón Einarsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 — fimm — daga og greiða allan kostnað í málinu fyrir báðum dómum, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.